



Reykjavík, 21. febrúar 2024

SFS24020132

Tillaga

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Framsóknarflokks, Samfylkingar og Pírata

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknarflokks, Samfylkingar og Pírata um aðgang að bókakosti Hljóðbókasafnsins

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að vekja athygli menningar og viðskiptaráðuneytis á mikilvægi aðgengis nemenda á grunnskólaaldri að íslenskum hljóðbókum. Jafnframt verði send áskorun til mennta- og barnamálaráðuneytis um að tryggja nemendum aðgang að hljóðbókum auk þess sem farið verði fram á að Borgarbókasafnið leggi áherslu á að fjölga hljóðbókum. Þá verði kannað hvort til greina komi að skólabókasöfn geri samning um aðgang að hljóðbókum.

Greinargerð:

Tekið er undir þau sjónarmið að æskilegt væri að hljóðbækur væru aðgengilegar öllum grunnskólabörnum og að hljóðbækur eru mjög mikilvægar fyrir börn af erlendum uppruna.

Skilyrði aðgangs að Hljóðbókasafni er bundinn í lög um bókasöfn nr. 150/2012 og verður því að fara þess á leit við ráðuneytið að slíkt verði gert mögulegt. Þá verði horft sérstaklega til öryggis persónuverndar og samvinnu við höfunda um með hvaða hætti þetta verði gert.

Borgarbókasafnið er með rafbókasafn á grundvelli samnings við einkaaðila. Börn eiga rétt á að fá ókeypis aðgang en það er þá ótengt starfsemi grunnskólans. Skoða ætti hvort Borgarbókasafnið geti fjölgað hljóðbókum og jafnframt hvort til greina komi að skólabókasöfn geri samning um aðgang að hljóðbókum.



Reykjavík